



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

24. okt. 2019 – Pistill nr. 62



Ásta Price og Þórdís Jónsdóttir sem sjá um félagsstarf eldri borgara. Með þeim á myndinni eru Ásdís Illugadóttir og Hjörleifur Sigurðsson.

Félagsstarf eldri borgara hafið – Ásta Price með diploma í heilsuefningu eldri borgara

Ásta Price forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar og umsjónarmaður íþróttatíma eldri borgara, útskrifaðist með láði nú í vikunni úr fjarnámi frá ISSA í Bandaríkjunum með diploma í heilsuefningu eldri borgara, á ensku; „ISSA Certified Specialist in Senior Fitness Examination.“ Eldri Mývetningar hafa notið góðs af þessu námi Ástu því þeir hafa verið hálfgerð tilraunadýr undanfarin misseri. Mikil ánægja hefur ríkt á meðal eldri borgara með íþróttatímanna hjá Ástu en þeir eru tvisvar í viku, á mánudögum kl. 9 og á miðvikudögum kl. 11.50. Ásta fékk frábæra umsögn frá ISSA. Innilega til hamingju Ásta!

Starf eldri borgara er með hefðbundnum hætti en fer fram í íþróttamiðstöðinni. Þar fer vel um fólkið í bjartri og rúmgóðri stofu.

Áfram verður boðið upp á akstur í samverustundina á miðvikudögum á vegum sveitarfélagsins og er eldri borgurum að kostnaðarlausu.



Starfsfólk leikskólans Yls kvöldið fyrir opnun leikskólans. Til stóð að opna mánudaginn 21. okt. en starfsmennirnir drifu í flutningunum um leið og leikskólinn var afhentur og var tekið á móti fyrstu börnunum 18. október s.l.

Nýja leikskólabyggingin tekin í gagnið – Bylting fyrir starfsemi leikskólans

Tímamót urðu í sögu leikskólans Yls fimmtudaginn 17. október s.l. þegar ný leikskólabygging var tekin í notkun. Framkvæmdir hófust í vor en verktakinn Húsheild ehf. skilaði leikskólanum af sér samkvæmt áætlun upp á dag. Óhætt er að segja að nýja byggingin sé bylting fyrir starfsemi leikskólans. Um er að ræða timburhús á einni hæð, byggt á steyptri plötu, við grunnskólann. Nýbyggingin inniheldur m.a. þrjú deildarrými. Samhliða nýbyggingu var skipulagi eldri byggingar breytt þannig að þar er sérkennslu/fundarherbergi auk skrifstofu leikskólastjóra og undirbúningsherbergis. Hreinlætisaðstaða barna er endurbætt og bætt við snyrtingu í forstofu. Hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk er útbúin í nýjum hluta, einnig samnýtir starfsfólk snyrtingu/fataskiptaaðstöðu í grunnskóla sem uppfyllir skilyrði algildrar hönnunar.

Starfmannaaðstöðu, fatahengi og læstum munahólfum var komið fyrir í óafmörkuðu rými inn af anddyri grunnskóla. Forstofa var færð og útbúin þurrkaðstaða með skápum. Heildarstarfssvæði leikskóla er 226 ferm. auk aðgengis að snyrtingu fyrir hreyfihamlaða í grunnskólabyggingu. Leik- og kennslurými ásamt sérkennsluáðstöðu er 107,7 ferm. Í leikskólanum er nýtt fráveitukerfi, þ.e. aðskilið svartvatn og grávatn. Heildar bygginga-kostnaður var áætlaður 50 m.kr. auk kostnaðar við fráveitukerfi, aukakostnað á eftir að taka saman en hann er aðallega vegna þess að klæða þurfti eldri hluta upp á nýtt að utan vegna skemmda sem komu í ljós og þá var frágangur á þaki flóknari á eldri byggingu en ráð var fyrir gert.

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2020-2023 fór fram á fundi sveitarstjórnar í gærmorgun. Var áætluninni vísað til seinni umræðu sem verður þann 13. nóvember n.k. Þá samþykkti sveitarstjórn að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt á næsta ári eða 14,52%.

Umsögn sveitarstjórnar um friðlýsingaráform umhverfis- og auðlindaráðherra í Gjástykki

Á fundi sveitarstjórnar var tekið fyrir að nýju erindi frá Umhverfisstofnun dags. 23. júlí 2019 þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar. Í 53 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skuli friðlýsa gagnvart orkuvinnslu og að friðlýsingin skuli fela í sér að orkuvinnsla er óheimil á viðkomandi svæði.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til umfjöllunar umhverfisnefndar Skútustaðahrepps og náttúruverndarnefndar Þingeyinga til umfjöllunar áður en sveitarstjórn veitir endanlega umsögn. Einnig var leitað eftir umsögn Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf. en Gjástykki er í þeirra landi. Þesar þrjár umsagnir lágu fyrir fundi sveitarstjórnar:

Umsögn umhverfisnefndar Skútustaðahrepps,

bókun frá 11. fundi nefndarinnar 8. okt. 2019:

„*Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps telur það skýlausa hagsmuni Gjástykkis sem náttúruundurs að það fái vernd gegn röskun. Umrædd friðun*



Dansinn durar í Reykjahlíðarskóla. Anna Breiðfjörð danskennari var með danskennslu í Reykjahlíðarskóla á dögnum. Eru þetta einhverjir skemmtilegustu skóladagarnir því þá er dansað nánast um allan skólann sem lýkur svo með foreldrasýningu. Mynd: Margrét Halla.

gagnvart takmörkun orkuvinnslu meiri en 50 MW er að mati nefndarinnar engan vegin fullnægjandi. Röskun sem þegar hefur farið fram á nálægum jarðhitasvæðum er veruleg og rannsóknir gefið til kynna að orkugeymirinn sé minni en áður var talið. Ef vel ætti að vera og hagsmunir framtíðarinnar hafðir að leiðarljósi, þyrfti friðlýsing að ná yfir alla orkuvinnslu. Til að koma megi í veg fyrir rask vegna umferðar, leggur umhverfisnefnd áherslu á öflugar stýringar og landvörslu. Vart þarf að taka fram mikilvægi þess að friðlýsingar, skipulag og umsjón svæðisins verði unnin í góðu samtali við landeigendur.“

Umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga:

„Náttúruverndarnefnd Þingeyinga fagnar fyrirhugaðri friðlýsingu Gjástykkis gagnvart orkuvinnslu. Að mati nefndarinnar gengur tillagan þó ekki nægilega langt þar sem opið er fyrir orkuvinnslu upp að 50 MW, auk heimilda til yfirborðsrannsókna. Náttúruverndarnefndin telur að svæðið hafi mjög hátt verndargildi sem því sem næst óraskað svæði og í því felist mikil verðmæti til framtíðar. Í dag liggur aðeins girðingarlóði og girðing yfir nýja hraunið í Gjástykki. Í næsta nágrenni, á Þeistareykjum og Kröflu, eru hins vegar tvær háhitavirkjanir með tilheyrandi raski á landi og ásýnd lands. Aðeins lengra frá er svo háhitasvæðið í Bjarnarflagi sem þegar hefur verið virkjað og óhætt að segja að beri mannsins verkum og umgengni mikil merki. Sannarlega má því segja að nógu langt sé gengið í röskun þingeyskra háhitasvæða. Mikil óvissa ríkir um vinnanlegan jarðhita Gjástykkis og fyrirsjáanlegt er að auk mögulegrar orkuvinnslu geti yfirborðsrannsóknir valdið óásættanlegu raski á svæðinu. Náttúruverndarnefndin skorar því á landeigendur og sveitarfélög sem land eiga að Gjástykki að ná saman og hafa frumkvæði að því að ganga lengra en friðlýsingartillagan gerir.“

Umsögn stjórnar LR ehf:

„Með tölvupósti dags 25. sept s.l. er óskað eftir athugasemdum landeigenda Reykjahlíðar við tillögu Umhverfisstofnunar að friðlýsingu svæðis í

verndarflokk rammaáætlunar, háhitasvæði Gjástykkis.

Það er skemmst frá því að segja að landeigendur leggjast alfarið gegn boðaðri friðlýsingu. Erfitt er að átta sig á afhverju Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra ganga fram með því friðlýsingar offorsi sem raun ber vitni og vert að minna á nýlega friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og og 500-1000m bakka meðfram henni, í því sambandi.

Ekki er vitað til þess að nokkur virkjun sé að fara í gang í Gjástykki auk þess sem sækja þarf um virkjanaleyfi hjá undirstofnun ríkisins þannig að sé það vilji ríkisvaldsins að Gjástykki verði ekki virkjað er þeim í lófa lagið að gefa ekki út virkjanaleyfi. Því ber líka að halda til haga að Gjástykki var „handstýrt“ í verndarflokk rammaáætlunar af þáverandi umhverfisráðherra, það raðaðist ekki þar vegna þess að nefndin sem mat virkjanakosti hafi talið verndargildið svo mikilvægt.

Það hlýtur að vera eðlileg krafa að nú sé staldrað við a.m.k. þangað til það liggur fyrir með skýrum hætti af hálfu löggjafans hvernig túlka beri friðlýsingar með vísan til rammaáætlunar því eins og fram hefur komið í fjölmiðlum þá hafa þingmenn ólíka sýn og skilning á það hvort friða eigi einstaka virkjanakosti eða heilu og hálfu landsvæðin eða vatnasviðin sem eru langt umfram virkjanakostinn sjálfan. Þá er ekki óeðlilegt að svo viðamiklar friðanir sem boðaðar eru með vísan til rammaáætlunar sæti mati á umhverfisáhrifum og þar með metið hversu jákvæð eða neikvæð áhrif þær hafa til framtíðar litið.

Í tillögu Ust er lagt til að hið friðlýsta svæði sé 52 km² að stærð. Að fenginni reynslu hafa landeigendur enga ástæðu til að halda að þar verði látið staðar numið og ber í því sambandi að nefna að í tillögu að friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum kynnti Ust fyrir hagsmunaaðilum að hið friðaða svæði yrði 225 þús ha. Þegar umhverfisráðherra hafði hins vegar lokið sér af var svæðið 345 þús ha. og það án þess að nokkar haldbærar skýringar fengjust á þeim mismun sem þarna kemur fram.

Þá getur það ekki verið talin eðlilegt stjórnsýsla að núverandi umhverfisráðherra hafi í sínu fyrra starfi

sem formaður Landverndar kært þáverandi umhverfisráðherra fyrir að hafa ekki friðlýst 16 eða 18 svæði í Skútustaðahreppi skv. vinnuþlaggi Ust. Því máli lauk fyrir héraðsdómi með frávisun þar sem Landvernd hafði ekki lögvarða hagsmuni í málinu. Gjástykki er eitt af þessu svæðum og að okkar mati sýnir ráðherrann hreina og klára valdniðslu í þessum efnum.

Án þess að það sé rakið frekar að sinni þá er vert að taka það fram að ferlinu varðandi friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum er ekki lokið, það hefur verið kært til umboðsmanns Alþingis og fæst þá vonandi úr því skorið hvort farið hafi verið að lögum og eðlilegir stjórnsýsluhættir viðhafðir.

Það er einlæg ósk að sveitarstjórn Skútustaðahrepps taki undir með landeigendum Reykjahlíðar og leggist gegn friðlýsingu Gjástykkis því hér eru verulegir hagsmunir í húfi.“

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bókaði í umsögn sinni að hún tekur undir bókanir umhverfisnefndar og Náttúruverndar Þingeyinga þess efnis að Gjástykki hafi hátt verndargildi og friðlýsingu gegn orkuvinnslu sé jákvætt skref. Hins vegar er afar mikilvægt að þessi friðlýsing líkt og aðrar í verndarflokki rammaáætlunar séu gerðar í sátt við landeigendur.



Endurgerðu stígarnir í Höfða eru glæsilegir. Myndin var tekin síðasta sunnudag.

Stígarnir í Höfða lagfærðir

Í haust hefur verið unnið að því að lagfæra aðalstígana í Höfða en Þorlákur Páll Jónsson hjá Landgræðslunni hefur haldið utan um verkefnið af

sinni alkunnu snilld, reyndur maður þar á ferð. Skipt var um efni í stígunum og sett úrvals efni sem var svo þjappað. Þá er unnið að hönnun skilta sem sett verða upp í vetur. Verkefnið er kostnað af framkvæmdasjóði ferðamannastaða ásamt mótframlagi sveitarfélagsins.

Þess má geta að unnið er að deiliskipulagi í Höfða og er sú vinna komin vel á veg og verður kynnt á næstunni.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands gerir alvarlegar athugasemdir við niðurskurð Vegagerðarinnar á vetrarþjónustu á Hólasandsvegi

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram afrit af bréfi forstjóra, yfirlæknis og yfirmanns sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, til Vegagerðarinnar dags. 10.10.2019. Gera þeir alvarlegar athugasemdir við boðaðar breytingar Vegagerðarinnar á vetrarþjónustu á Hólasandsvegi. Í bréfinu kemur fram að á svæðinu í Mývatnssveit og austur fyrir Námaskarð, er fjölfarin þjóðleið, bæði ferðafólks og vegna atvinnu.

Í bréfinu segir jafnframt:

„Á hverju ári verða slys á þessu svæði sem krefjast snarlegrar, sérhæfðrar fyrstuhjálparþjónustu, umferðaslys þar algengust. Verði slík slys í vetrartíð, skiptir tími enn meira mæli en ella vegna kælingar. Á svæðinu austan Skútustaða er fljótlegra að aka um Hólasandsveg en að fara dalina. Vegna öryggissjónarmiða mótmælum við í stjórn sjúkraflutninga HSN á Húsavík og yfirstjórn HSN fyrirhugaðri skerðingu á vetrarþjónustu og óskum eftir að snjómokstur verði ekki sjaldar en verið hefur undanfarin ár, eða tvisvar í viku, mánudaga og föstudaga.“

Sveitarstjórn tekur heils hugar undir bókun HSN enda er hún í samræmi við bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps frá því 28. ágúst s.l.

Sameining almannavarnarnefnda í umdæmi lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra í undirbúningi

Á fundi sveitarstjórnar var tekin fyrir fundargerð almannavarnarnefndar Þingeyinga. Þar er m.a.

fjallað um hugsanlega sameiningu almannavarnar- nefnda í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Í fundargerð segir:

„Halla Bergþóra fór yfir málið og kynnti fyrir nefndinni niðurstöður fundar hjá ALMEY þar sem ákveðið var að leggja fyrir sveitarstjórnir til samþykktar þau drög að sameiningu sem samþykkt voru á fundinum. Rætt var um fyrirkomulag starfsins verði af sameiningu og fram kom að starfsmaður sameinaðrar nefndar yrði á Húsavík eins og er í dag, aðgerðarstjórnstöðvar yrðu tvær á Húsavík og Akureyri. Halla gerði grein fyrir því að lagt hefði verið til á fundi hjá ALMEY að innheimtar yrðu kr. 190 pr. íbúa til að standa undir starfinu. Það hefði í för með sér að kostnaður Alm. Þingeyinga færi úr 2.8 milljónum á ári í um 950-1.000.000 kr. verði þetta samþykkt í sveitarstjórnnum á svæðinu. Fundarmenn voru sammála um að lögreglustjóra væri falið að útbúa samskonar drög sem sveitarstjórar Alm. Þingeyinga gætu lagt fyrir sínar sveitarstjórnir.“

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps voru lögð fram drög að samkomulagi um skipan sameiginlegrar almannavarnarnefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Sveitarstjórn samþykkti samninginn samhljóða.



Unnið að endurskoðun á Mannauðsstefnu
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti fyrir þremur árum Mannauðsstefnu sveitarfélagsins en hún var unnin af stýrihóp með fulltrúum flestra stofnana. Hefur hún verið uppfærð nokkrum sinnum síðan enda lifandi plagg, þar eru ýmsar nýjungar til þess að bæta og ramma inn starfsskilyrði hjá sveitarfélaginu. Nýjan rýnihóp skipa: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri.

Elísabet Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar.
Jóhanna Jóhannesdóttir, fulltrúi grunnskólans.
Ingibjörg Helga Jónsdóttir, fulltrúi leikskólans.
Margrét Halla Lúðvíksdóttir, fulltrúi hreppsskrifstofu.
Fyrsti fundur hefur verið boðaður. Leitað verður eftir hugmyndum og umsögnum frá starfsfólki sveitarfélagsins í ferlinu.
Áætlað er að skila lokaafurð til sveitarstjórnar 5. desember n.k.

Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 26. október

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 26. október n.k. Fyrirkomulagið er eftirfarandi:
Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 10.30 (athugið breyttan tíma) laugardaginn 26. október n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Slægjufundur og Slægjuball 2019

Fyrsta vetrardag, laugardaginn 26. október, verður hinn árlegi Slægjufundur haldinn í Skjólbrekku. Dagskráin hefst kl. 14.30 og er glæsileg að vanda – slægjuræðan, umhverfisverðlaun, leik- og tónlistarskólinn og sjálfur Vísinda-Villi koma þar við sögu. Ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara!
Allir leggja til veitingar á misjafnlega hollt en ofsalega gott veisluborð og að sjálfsögðu verður kaffi, te og djús á staðnum. Nemendur Reykjahlíðarskóla verða með kökubasar frá 13-14. Sjáumst á Slægjufundi og gleðjumst í góðra vina hópi, nefndin.
SLÆGJUBALLIÐ:

Er þér kalt? Komdu þá og dillaðu þér!
Hinir óviðjafnanlegu strákar í Gourmet koma og halda uppi óheyrilegu stuði að kveldi laugardagsins 26. október.

Ballíð hefst klukkan 23 og verður til 3.

Veigar eru á eigin ábyrgð – miðaverð 2.000 kr.

Ath. Ekki verður posi á staðnum

Takið daginn frá því þetta verður eftirminnilegt!



Jón Árni Sigfússon fagnaði níræðisafmæli í gær og hélt upp á daginn með því að bjóða upp á afmæliskaffi í Víkurnesi þar sem þessi mynd var tekin. Ekki var að spyrja að því, afmælisbarnið greip bæði í píanó og harmonikku. Fyrr á árinu hlaut Jón Árni menningarverðlaun Skútustaðahrepps þegar þau voru afhent í fyrsta sinn. Var um áratugaskeið organisti og kórstjóri í Mývatnssveit og lét mikið að sér kveðja á tónlistarsviðinu eins og allir Mývetningar þekkja.

Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja – Seinni úthlutun 2019 – Umsóknarfrestur til 1. nóvember n.k.

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.

- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublað). Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með **1. nóvember 2019**. Velferðar- og menningarmálanefnd

Hrós dagsins...

Fá krakkarnir á leikskólanum YI en þau hafa verið róleg og skilningsrík þrátt fyrir miklar tilfærslur og breytingar vegna byggingu nýja húsnæðisins. Duglegir krakkar þar á ferð.



Þorsteinn sveitarstjóri, Alma Dröfn skrifstofufulltrúi og Margrét Halla skrifstofustjóri á sveitarfélagaráðstefnu Wise í síðustu viku.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. í stýrihóp um aðgerðarbundna stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi, haustfund almannavarna Þingeyinga, skipulagsnefnd, skólalþjónustu Norðurþings, skóla- og félagsmálanefnd, samstarfsnefnd um hugsanlega sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, sveitarfélagaráðstefnu Wise, forstöðumannafund svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri